

137. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands

haldinn að Austurvegi 56, mánudaginn 22. nóvember, kl. 12:30

Mætt. Elva Dögg Þórðardóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Örn Þórðarson, og Guðmundur Tryggvi Ólafsson, sem ritaði fundargerð.

1. Urðunarrein nr. 9.

Framkvæmdir ganga samkvæmt áætlun.

2. Deiliskipulag á Kirkjuferjuháleigu.

Skipulagsstofnun gerði athugasemdir við deiliskipulagstillöguna eftir síðustu breytingu. Lögfræðingur Ölfus hefur sent skipulagsstofnun tillögu að lausn málsins og hefur skipulagsstofnun sent bréf þar sem þeir taka vel í tillöguna.

3. Meðhöndlun sláturúrgangs eftir 1. janúar 2007.

Farið yfir málið, lagt til af framhaldið verði unnið í samvinnu við sláturleyfishafa.

4. Söfnun pappírs og slétts pappa á Suðurlandi.

Framkvæmdastjóri kynnti möguleikann á því að nota LCA við undirbúning endurskipulagningar á söfnun pappírs og annarra umbúða frá heimilum á Suðurlandi. Framkvæmdastjóra falið að afla frekari gagna.

5. Móttaka á riðusmituðum sláturúrgangi á Kirkjuferjuháleigu.

Ákveðið að taka til endurskoðunar móttöku á riðusmituðum úrgangi á Kirkjuferjuháleigu. Framkvæmdastjóra falið að vinna að framgangi málsins.

6. Svæðisáætlun, skýrslur frá verkfræðistofum, samanburður og kynning.

Frestað til næsta fundar.

7. Önnur mál.

- Málshöfðun fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

Greinargerð dags 15. nóvember frá Málflutningskrifstofunni lögð fram til kynningar.

- Lagt fram minnisblað varðandi hæfi formanns til setu í stjórn Sorpstöðvar Suðurlands.

Fundi slitið kl. 14:25.

Bls 18